

Skýrsla
starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála
hjá lögreglu og ákærivaldi

Mars 2002

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur
2. Upplýsingar úr málsskjölum
 - 2.1 Fjöldi mála
 - 2.2 Upplýsingar um kærendur og kærða
3. Meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu
 - 3.1 Viðmið
 - 3.2 Meðferð máls
 - 3.2.1 Málshraði
 - 3.2.2 Rannsóknargæði
4. Meðferð nauðgunarmála hjá ákærvaldi
 - 4.1 Viðmið
 - 4.2 Meðferð máls
 - 4.2.1 Málshraði
 - 4.2.2 Saksóknargæði
5. Tillögur til úrbóta
 - 5.1 Skráning mála hjá lögreglu
 - 5.1.1 Dagbók lögreglu
 - 5.1.2 Málaskrá lögreglu
 - 5.2 Hlutverk lögreglustjóra og löglærðra fulltrúa
 - 5.3 Menntun og starfsþjálfun lögreglumanna
 - 5.4 Aðstoð ríkislögreglustjóra við rannsókn og samvinna lögreglustjóra
 - 5.5 Skýrslugerð
 - 5.5.1 Skýrsluform
 - 5.5.2 Æviferilsskýrslur
 - 5.5.3 Skýrslur teknar upp á hljóð- og myndband
 - 5.6 Ákvörðun um að hætta rannsókn
 - 5.7 Greinargerð rannsóknara
 - 5.8 Málshraði
 - 5.9 Verklagsreglur
6. Niðurstöður starfshópsins

Viðauki: Verklagsreglur um rannsókn nauðgunarmála

Kæra og fyrstu aðgerðir

1. Móttaka á nauðgunarkæru
 2. Frumskýrsla
 3. Símaerindi varðandi nauðgun
 4. Neyðarmóttaka
 5. Skýrsla kæranda
- Skýrslutaka og rannsókn
6. Vettvangsrannsókn

7. Brotafoli
8. Sakborningur – kærði
9. Vitni
10. Aðrar rannsóknaraðgerðir
11. Lok rannsóknar

1. Inngangur

Hinn 14. mars 2001 skipaði ríkissaksóknari starfshóp til að kanna meðferð nauðgunarmála, rannsókn og saksókn. Um tildrög er til þess vísað í skipunarbréfi að umræða í þjóðfélaginu um að mikill hluti nauðgunarmála falli niður í meðferð lögreglu og ákærvalds sé stöðug og studd tölulegum upplýsingum frá lögreglu og ákærvaldi. Í skipunarbréfi eru viðfangsefni starfshópsins tilgreind svo:

1. Að lýsa þróun sem orðið hefur varðandi nauðgunarbrot og nauðgunarmál frá árinu 1997, með hliðsjón af fjölda kærðra nauðgunarbrotu og afgreiddra mála hjá lögreglu og ákærvaldi.
2. Að kanna afdrif skráðra nauðgunarmála og ganga úr skugga um hvort samhengi kunni að vera á milli fjölda niðurfelldra mála og rannsóknar- og saksóknargæða. Til að svara þeirri spurningu skal starfshópurinn gera upp við sig hvaða kröfur skuli gera til rannsóknar- og saksóknargæða og hvernig góð rannsókn sé framkvæmd.
3. Leiði könnunin í ljós að betur megi standa að meðferð mála á rannsóknar- og saksóknarstigi ber starfshópnum að gera tillögur um viðeigandi aðgerðir til úrbóta, breyttar verklags- og stjórnunarreglur o.s.frv.

Tekið er fram í skipunarbréfi að dómsmeðferð mála skuli ekki vera viðfangsefni starfshópsins.

Í starfshópinn voru skipuð Arnar Guðmundsson, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, Gísli Pálsson, aðstoðaryfirlöggluþjónn hjá ríkislögglustjóranum, Hörður Jóhannesson, yfirlöggluþjónn hjá lögreglustjóranum í Reykjavík og Ragnheiður Harðardóttir, saksóknari hjá ríkissaksóknara, sem jafnframt var skipuð oddviti hópsins. Starfshópurinn tók nokkuð mið af skýrslu ríkissaksóknara Noregs frá í apríl 2000 (Rigsadvokatens utredningsgrupper - rapport nr. 2/2000: En undersøkelse av politiets og påtalemyndighetens behandling av voldtektssaker).

2. Upplýsingar úr málsskjölum

2.1. Fjöldi mála

Starfshópurinn ákvað að miða athugun sína við mál sem bárust lögreglu og ríkissaksóknara eftir 1. júlí 1997. Þann dag tóku gildi ný lögreglulög nr. 90/1996 og lög nr. 84/1996 um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála (oml.), sem hafði í för með sér nýskipan rannsóknar- og ákærvalds. Meðal annars leysti nýtt embætti ríkislögglustjóra rannsóknarlögreglu ríkisins af hólmi og rannsókn kynferðisbrotamála fluttist alfarið frá því embætti út í héruð til lögreglustjóra.

Samkvæmt upplýsingum úr málaskrá lögreglu 30. maí 2001 hættu lögreglustjórar rannsókn í 63 skráðum nauðgunarmálum frá 1. júlí 1997 til ársloka 2000 og samkvæmt upplýsingum í lok janúar 2002 höfðu lögreglustjórar hætt rannsókn í 14 skráðum nauðgunarmálum árið 2001. Athugun vinnuhópsins náði því til alls 77 mála sem lögreglustjórar höfðu hætt að rannsaka, en það athugast að fleiri málum hefur að líkindum verið lokið síðan.

Við yfirlestur málanna 77 kom í ljós að 14 voru ranglega skráð sem nauðgunarmál, þar sem lýsingar kæranda eða önnur atvik gerðu að verkum að verknaðarlýsingu 194. gr. almennra hegningarlaga (hgl.) var ekki fullnægt. Ekki var um að ræða ofbeldi, hótun eða sjálfræðissviptingu, sem lýst er í ákvæðinu. Mál sem töldust ranglega skráð féllu oftast undir brotalýsingu 196. gr. hgl., en einnig komu fyrir alls óskyld brot, s.s. húsbrot og eignaspjöll. Í einu tilviki hafði tilkynning um týndan mann verið færð í málaskrá lögreglu sem nauðgunarmál.

Auk þeirra 14 sem voru ranglega skráð voru nokkur mál þannig að ekki var unnt að heimfæra háttsemi sem kærð var til refsíákvæða.

Allmörg mál bar að með því að lögregla hafði afskipti af fólki sem var undir áhrifum áfengis og kvaðst hafa orðið fyrir kynferðisbroti, eða orðið vitni að slíku. Voru þetta oftast mál þar sem lögregla aðstoðaði fólk við að komast á Neyðarmóttöku/sjúkrahús, en brot var hins vegar ekki kært og engar skýrslur teknar. Í þessum málum liggja því litlar upplýsingar fyrir um atvik máls, um hvers konar brot kann að hafa verið að ræða, eða hvort um brot var að ræða.

Oft hafði verið hætt rannsókn vegna þess að mál var óupplýst, þ.e. meintur gerandi ókunnur.

Alls voru 6 mál, sem send höfðu verið ríkissaksóknara til meðferðar, ranglega skráð í málaskrá sem rannsókn hefði verið hætt hjá lögreglu. Að þeim málum frátöldum hafði 71 máli verið lokið hjá lögreglu og skiptust þannig milli embætta:

Lögregluembætti	1997	1998	1999	2000	2001	Fjöldi
Akranes				1		1
Akureyri	1	1	2			4
Hafnarfjörður	2	2	1	1	2	8
Höfn			1			1
Keflavík	1	1	2	1	1	6
Kópavogur		2				2
Reykjavík	6	11	9	9	9	44
Selfoss			1			1
Stykkishólmur					1	1
Vestmannaeyjar	1	1			1	3
Fjöldi	11	18	16	12	14	71

Auk þeirra mála sem lögreglustjórar hættu rannsókn voru, samkvæmt málaskrá ríkissaksóknara, 53 mál vegna kærðrar nauðgunar felld niður hjá embættinu á tímabilinu. Þar af voru tvö kærð tilraunarbrot. Af þessum málum þykja tvö falla undir brotalýsingu 196. gr. hegningarlaga, nokkur þykir ekki unnt að heimfæra til refsíákvæða.

Fjöldi kærumála sem bárust ríkissaksóknara og afdrif þeirra milli ára var sem hér segir:

Ár	Niðurf	Ákært	Héraðsd/sýkna	Héraðsd/sakf	Hæstir/sýkna	Hæstir/sakf
1997	2	5	3	2	1	1
1998	17	4	2	2		1
1999	14	3	1	2		2
2000	14	5	1	4		2
2001	6	6 *	1	2		
Fjöldi	53	23	8	12	1	6

* enn er ódæmt í þremur málum árið 2001

Könnun starfshópsins náði til allra skráðra kærumála vegna nauðgunar, fullframinna og tilraunarbrot, sem ekki sættu ákæru frá 1. júlí 1997 til ársloka 2001. Samkvæmt framansögðu höfðu lögreglustjórar hætt rannsókn alls 71 máls, en 53 mál verið felld niður af ríkissaksóknara. Á sama tímabili var ákært í 23 nauðgunarmálum, þar af var sakfellt í 11 málum en sýknað í 9. Enn er ódæmt í þremur ákærumálum frá árinu 2001. Þá hefur lögregla haft til meðferðar fleiri mál, sem ekki hafði verið lokið við skoðun starfshópsins. Því má ætla að hætt verði rannsókn í fleiri málum sem bárust lögreglu á tímabilinu.

Lögreglan í Reykjavík hafði haft til meðferðar og hætt rannsókn flestra mála sem ekki bárust ríkissaksóknara, en allmörgum málum var lokið af sýslumönnum í Hafnarfirði og Keflavík. Öll málin sem hætt var rannsókn í umdæmum sýslumanna á Akureyri, í Vestmannaeyjum og Stykkishólmi tengdust útihátíðum um verslunarmannahelgi. Kærumál dreifðust nokkuð jafnt milli ára.

Þegar litið er til þeirra mála sem ríkissaksóknara bárust voru hlutfallslega flestar ákæru útgefnar 1997 og það ár voru sýknudómar einnig fleiri en sakfellingardómar.

Árin 1998 til 1999 var ákært í fimmta hverju máli, en fjórða hverju árið 2000. Þessi ár bárust ríkissaksóknara einnig fleiri mál en árin á undan og eftir.

Ákæruhlutfall var til helminga árið 2001 og það ár voru einnig gefnar út flestar ákæru miðað við árin á undan.

Af þessum tölum verður ráðið að þótt mismörg mál berist ríkissaksóknara milli ára, þá er fjöldi ákæra svipaður. Sýknudómar eru flestir í upphafi tímabilsins, en virðist fara fækkandi. Þó liggur ekki fyrir dómsniðurstaða í helmingi þeirra mála sem ákært var í árið 2001. Nær helmingur dóma sem gengið hafa á tímabilinu eru sýknudómar.

2.2. Upplýsingar um kærendur og kærða

Hér á eftir fer samantekt á upplýsingum fengnum úr málsskjölum, um kærendur, kærðu og atvik. Samantektin nær til kærðra nauðgunarmála sem voru fullrannsókuð, þ.e. þau mál sem bárust ríkissaksóknara frá 1. júlí 1997 til ársloka 2001, en voru felld niður við embættið. Sem áður segir reyndist alls vera um 53 mál að ræða.

Kærandi

Kærendur voru 53, allt konur, oftast á aldrinum 14-19 ára. Tvær konur kærðu sama mann í einu máli og ein kona kærði tvisvar nauðgun á tímabilinu. Ein kona kærði brot sem hún hefði orðið fyrir 5-6 árum fyrr, þegar hún var 11 ára. Elstar kærenda voru tvær 47 ára gamlar konur. Annars var aldursdreifing þessi:

Aldur	1997	1998	1999	2000	2001	Fjöldi	%
11					1	1	1,9
13		1				1	1,9
14		1	1	2		4	7,5
15			1	1	2	4	7,5
16			4	2		6	11,3
17		3	1	1		5	9,5
18	1			2	1	4	7,5
19		3		2		5	9,5
21					1	1	1,9
22		1		1	1	3	5,6
24			2	1		3	5,6
25	1					1	1,9
27			1			1	1,9
28		2				2	3,8
29		1	1			2	3,8
30			1			1	1,9
32		2	1			3	5,6
34				1		1	1,9
35				1		1	1,9
36				1		1	1,9
37		1				1	1,9
47		1	1			2	3,8

Margir kærendur voru nemar (30,1 %) en hópur öryrkja og atvinnulausra var einnig stór (21 %). Önnur stöðuheiti sem nefnd voru eru rakin hér:

Starf/staða	Fjöldi	%
Nemi	16	30,1
Öryrki	7	13,2
Verslunarmaður	7	13,2
Atvinnulaus	4	7,6
Húsmóðir	4	7,6
Starfar á leiksk/barnag	2	3,7
Annað	8	15,2
Ekki skráð/ekki getið	5	9,4

Sem dæmi um starfsheiti sem komu fyrir og skráð eru undir "annað" í töflunni eru sjúkraliði, verkakona, iðnaðarmaður, auk þess sem skrifstofustarf og fiskvinnsla voru nefnd.

Í 30 málum var kærandi undir áhrifum áfengis eða ölvuð er atvik átti sér stað. Upplýsingar um áfengisáhrif var þó ekki alltaf að finna í málunum, svo að gera má ráð fyrir að hlutfallið sé hærra.

Kærði

Kærðir voru 61, en í sex málum voru tveir menn kærðir og í einu máli voru 3 menn kærðir. Einn maður var tvisvar sinnum kærður á tímabilinu. Kærðu voru frá 15 til 57 ára, heldur eldri en karendur, oftast á tvítugs og þrítugsaldri. Aldursskipting var þessi:

Aldur	1997	1998	1999	2000	2001	Fjöldi	%
15		1				1	1,6
16				1	1	2	3,3
17				1		1	1,6
18	1	1		1	1	4	6,7
19			1		1	2	3,3
20		3	2	1	1	7	11,5
21		1	1	3	1	6	9,8
22		1	1	1		3	4,9
23			2			2	3,3
24				1		1	1,6
25		1		1		2	3,3
26		1		2		3	4,9
27		1	2			3	6,7
28			1			1	1,6
29		1	1			2	3,3
30	1	1			1	3	4,9
31				1		1	1,6
32				1		1	1,6
34		2	1	1		4	6,7
35		2	1	1		4	6,7
36		2			1	3	4,9
39				1		1	1,6
44		1				1	1,6
46			1			1	1,6
54		1				1	1,6
57			1			1	1,6

Stærstur hópur kærðra voru verkamenn (27,8 %), en einnig voru hlutfallslega margir nemar (11,5%), sjómenn (9,8 %), atvinnulausir og öryrkjar (8,2 %).

Starf	Fjöldi	%
Verkamaður	17	27,8
Nemi	7	11,5
Sjómaður	6	9,8
Verslunarmaður	4	6,6
Atvinnulaus	4	6,6
Bílasali/starfsm bílas.	2	3,3
Öryrki	1	1,6
Annað	16	26,2
Ekki skráð/ekki getið	4	6,6

Meðal starfsheita sem felld eru undir "annað" í töflunni eru iðnaðarmaður, gröfumaður og hermaður, en auk þess voru tveir danskennarar og bóndi kærðir, svo að eitthvað sé nefnt.

Kærðu voru flestir undir áhrifum áfengis er atvik átti sér stað, eða í 31 tilviki. Upplýsingar um þetta voru þó ekki alltaf skráðar. Einn kærðu viðurkenndi að hafa reykt hass skömmu áður en atvik varð.

Tengsl kæranda og kærða

Í langflestum tilvikum þekktust kærandi og kærði, voru vinir eða kunningjar. Talsvert var um að þau hefðu hist á skemmtistað skömmu fyrir atvikið.

Tengsl	1997	1998	1999	2000	2001	Fjöldi	%
kunningjar/vinir	2	8	9	5	3	27	51
hjón/sambýlisfólk		1		2		3	5,7
fyrirverandi hjón/sambýlisfólk		1				1	1,9
þekktust lítið (t.d. kynnst á skemmtistað)		4	4	4	2	14	26,4
þekktust ekki		3	1	3	1	8	15

Vettvangur og stund

Vettvangur var oftast tilgreindur heimili kærða, kæranda eða annarra. Aðrir staðir sem nefndir voru eru t.d. hótél og tjaldsvæði á útisamkomum.

Vettvangur	1997	1998	1999	2000	2001	Fjöldi	%
Heimili beggja				2		2	3,7
Heimili kærða		6	9	5	2	22	41
Heimili kæranda	1	7	2	2		12	22,6
Heimili annars	1	1		2		4	7,5
Á víðavangi		1	1	1	1	4	7,5
Á eða utan við skemmtistað				1		1	1,8
Annað		2	2	1	3	8	15,9

Oftast áttu atvik sér stað um helgar, í 35 málum frá föstudagskvöldi til mánudagsmorguns (66 %). Aðeins þrjú atvik voru sögð hafa átt sér stað að degi til, annars langoftast að nóttu og undir morgun. Hlutfallslega flest atvik urðu að sumri til, 21 tilvik (39,6 %) frá júníbyrjun til ágústloka.

Hugleiðingar

Svo sem áður hefur verið rakið hafði lögregla í allmörgum málum afskipti af ungum konum sem voru undir áhrifum áfengis og höfðu orðið fyrir kynferðisreynslu sem þeim reyndist þungbær. Óskað var aðstoðar við að komast á Neyðarmóttöku, en ekki lögð fram kæra. Þá háttaði svo til í mörgum málum sem voru kærð að lýsingar kærenda eða önnur atvik gerðu að verkum að ekki var hægt að sýna fram á að verknaðarlýsingu hegningarlagaákvæða um kynferðisbrot væri fullnægt, s.s. um ofbeldi, hótun, nauðung eða misneytingu.

Hægt er að benda á fjölda tilvika í málsskjölum þar sem atvik hafa orðið þannig að fólk, sem þekktist lítið eða ekkert, tekur þátt í kynlífsathöfnum sem annar aðilinn virðist upplifa, oft eftirá, sem niðurlægingu og jafnvel nauðgun. Oft voru þetta atvik þar sem fleiri en einn tóku þátt. Þeim málum hefur fjölgað sem lögregla hefur afskipti af þar sem kona hefur tekið þátt í kynlífsathöfn með tveimur eða fleiri körlum. Virðist þetta einkum algengt í samskiptum ungs fólks og unglinga, sumra vart af barns aldri.

Við lestur málanna virðist augljóst að verulega skortir á að fólk sýni hvert öðru gagnkvæma virðingu á þessu sviði og á það ekki síst við um unga karlmenn. Í fjölmiðlum hefur nýlega verið bent á að bein tengsl séu milli þessa virðingarleysis og kynlífs- og klámvæðingar sem gengið hefur yfir hér á landi, sbr. umfjöllun Morgunblaðsins um þetta efni 10. febrúar og 8. mars sl., einkum viðtöl við Eyrúnu Jónsdóttur hjúkrunarfræðing og deildarstjóra á Neyðarmóttöku. Starfshópurinn tekur undir sjónarmið sem þar eru reifuð. Við lestur málanna verður ekki hjá því komist að velta því fyrir sér hvort sjálfsvirðing og siðferðisleg gildi séu á undanhaldi og kynlíf eða kynlífsathafnir að verða frekar en verið hefur hluti af hegðunarmynstri sem tengist öðru en nánú sambandi tveggja einstaklinga. Einnig, hvort færri temji sér það viðhorf að bera ábyrgð á sjálfum sér.

3. Meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu

3.1. Viðmið

Í IX. kafla laga um meðferð opinberra mála er að finna ákvæði um lögreglurannsókn. Samkvæmt 67. gr. laganna er markmið rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar.

Samkvæmt 68. gr. skal rannsaka og afla allra tiltækra gagna um verknað þann sem um er að ræða, svo sem stað og stund og öll nánari atvik, sem ætla má að skipt geti máli, leita þess sem grunaður er um brot, finna sjónarvotta og aðra sem ætla má að borið geti vitni, svo og að hafa upp á sýnilegum sönnunargögnum og munum sem hald skal leggja á. Þá skal rannsaka vettvang ef við á og yfirleitt öll ummerki sem kunna að vera eftir brot. Rannsóknari skal samkvæmt 1. mgr. 70. gr. leita til kunnáttumanna þegar þörf er á

sérfræðilegri rannsókn, svo sem blóðrannsókn og annarri læknisskoðun. Þess gerist oft þörf við rannsókn nauðgunarmála.

Um skýrslutökur af sakborningi og vitni er ákvæði í 69. gr. laganna. Ekki má prófa mann lengur en sex klukkustundir í einu, enda fái hann að öðru leyti nægilegan svefn og hvíld. Bókað skal hverju sinni hvenær prófun hefst og hvenær henni lýkur. Spyrja skal hvern mann án nærveru annarra sakaðra eða vitna uns ástæða kann að vera til samprófunar. Samkvæmt ákvæðinu skal tilkynna barnaverndarnefnd ef yfirheyra skal sakaðan mann yngri en 16 ára og kveðja til túlk, ef sá sem skýrslu gefur skilur ekki íslensku.

Nánari ákvæði um yfirheyrslur sakbornings og vitna hjá lögreglu er að finna í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslur nr. 395/1997.

Varðandi skýrslutökur af ungmennum er rétt að benda á að lögræðisaldur miðast við 18 ár, sbr. lögræðislög nr. 71/1997. Samkvæmt 1. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992, s.s. þeim lögum var breytt með lögum nr. 160/1998, er með börnum átt við einstaklinga innan við 18 ára aldur. Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 395/1997 skal, ef sakborningur er yngri en 18 ára, gera barnaverndarnefnd og foreldrum eða öðrum þeim sem barnið ber traust til viðvart um yfirheyrslu og gefa þeim kost á að vera viðstöddum. Aldursmark 69. gr. oml. og 1. mgr. 18. gr. lögreglulaga, er í ósamræmi við þessi ákvæði. Starfshópurinn leggur áherslu á að þegar lögregla hefur afskipti af sakborningi eða brotþola sem ekki hefur náð 18 ára aldri skuli málið unnið í samræmi við að um barn sé að ræða, sem þarf á aðstoð að halda. Þá er bent á að samræma þarf lagatexta hvað þetta snertir.

Samkvæmt 72. gr. oml. semur rannsóknari skriflegar skýrslur um rannsóknaraðgerðir sínar og skulu skráðar þar skýrslur þeirra sem yfirheyrðir eru, athuganir rannsóknara sjálfs og annað það sem máli skiptir. Ef sérstaklega stendur á, svo sem við yfirheyrslu barns, er rannsóknara þó heimilt að hljóðrita skýrslu vitnis eða taka skýrslugjöf upp á myndband.

Sérregla um skýrslutökur fyrir dómi er í 74. gr. a.

[74. gr. a. 1. Meðan á rannsókn stendur fer fram skýrslutaka fyrir dómi í eftirgreindum tilvikum:
a. Ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn máls hefst ber lögreglu að leita atbeina dómara sem sér um að taka skýrslu af honum.

b. Ef lögregla telur nauðsynlegt að skýrsla verði tekin fyrir dómi af sakborningi, brotþola eða vitnum til þess að upplýsa mál, áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess, ber dómara að verða við slíkri beiðni þótt ákæra hafi ekki verið gefin út. Ef þörf krefur getur dómari framlengt frest skv. 1. mgr. 43. gr. í allt að þrjár vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.

c. Í öðrum tilvikum en greinir í a- og b-lið er heimilt að taka skýrslur af brotþolum eða vitnum fyrir dómi áður en ákæra er gefin út ef þau neita að svara spurningum hjá lögreglu eða ef ætla má að þau komist ekki fyrir dóm við meðferð málsins, enn fremur ef það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna brotþola eða vitna, svo sem ef um börn er að ræða.² Þegar skýrslutaka fer fram skv. 1. mgr. skal þess gætt að ákæranda, verjanda og réttargæslumanni brotþola sé tilkynnt um hana fyrir fram þannig að þeir geti verið viðstaddir hana. Sé þess kostur skal framburður sakbornings, brotþola og vitna tekinn upp á myndband. Ef skýrsla er tekin af brotþola yngri en 18 ára skal enn fremur gætt ákvæða 7. mgr. 59. gr.]¹⁾ [L. 36/1999, 23. gr.](#)

Um skýrslutökur samkvæmt 74. gr. a. oml. gildir reglugerð nr. 321/1999 um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af brotþola yngri en 18 ára.

Samkvæmt 71. gr. oml. skulu athuguð atriði sem varða sakborning sjálfan, svo sem:

- a. aldur hans (...),
- b. persónulegar aðstæður hans, svo sem fjölskyldu- og heimilishagi, menntun, störf, efnahag o.s.frv.; skal einkum vanda rannsókn þessara atriða þegar ætla má að brot það, sem um er að ræða, varði fangelsi,
- c. hegðun hans og fyrri brot; um þessi atriði skal afla sakavottorðs og annarra gagna, svo sem endurrita fyrri dóma ef ástæða er til,
- d. þroska og heilbrigðisástand, andlegt og líkamlegt. Um þessi atriði skal afla vottorða læknis og sálfræðings ef ástæða er til. Ef vafi leikur á hvort ákvæði 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga eigi við um hagi sakbornings er rétt að láta hann sæta sérstakri geðrannsókn til þess að leidd verði í ljós atriði sem geri dómara fært að meta sakhæfi hans. Til þess þarf úrskurð dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki sakbornings

Þá skal rannsaka hugarfar sakbornings og afstöðu til brots (ásetning, gáleysi), hvatir hans til brots og tilgang og ef um tilraun er að ræða hvort hann hefur horfið sjálfkrafa frá henni.

Um heimild lögreglu til að vísa frá kæru eða hætta rannsókn, eru ákvæði í 1. mgr. 76. gr. laganna:

76. gr. 1. Lögregla vísar frá kæru um brot ef ekki þykja efni til að byrja rannsókn út af henni. Hafi rannsókn byrjað getur lögregla einnig hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram eða ef í ljós kemur að kæra var ekki á rökum reist. [Sá sem á hagsmuna að gæta getur borið ákvörðun lögreglu undir ríkissaksóknara sem tekur fullnaðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki.

Ákvörðun lögreglustjóra um að vísa frá kæru eða hætta rannsókn sætir kæru til ríkissaksóknara samkvæmt 2. mgr. 76. gr.

Samkvæmt 77. gr. skal rannsóknari, ef hann telur rannsókn lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar, senda ríkissaksóknara rannsóknargögnin, nema hann megi sjálfur höfða mál. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. hefur ríkissaksóknari einn málshöfðunarrétt vegna kynferðisbrota.

Með rannsóknargögnum skal rannsóknari að jafnaði senda greinargerð um rannsóknina, þar sem kemur fram samandregin lýsing á atriðum sem hann telur ákæru geta beinst að. Ríkissaksóknari getur mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir ef hann telur þess þörf.

Lög um meðferð opinberra mála og reglur settar samkvæmt þeim veita þannig viðmið um hvað skuli telja góða rannsókn í nauðgunarmálum, jafnt sem öðrum opinberum málum. Í lögunum eru markmið rannsóknarinnar skilgreind og gefin fyrirmæli um hvernig þeim markmiðum verði best náð. Ítarleg fyrirmæli er að finna um hvernig standa skuli að skýrslutökum af sakborningi og kæranda og hvaða gagna skuli aflað í þágu rannsóknarinnar.

Önnur viðmið um góða rannsókn nauðgunarmála eru að mati starfshópsins:

- Hlutlægni og réttaröryggi. Gætt sé réttar kæranda og kærða. Lögregla gæti hlutlægni við rannsóknina og missi ekki sjónar af þeirri grundvallarreglu, sem orðuð er í 31. gr.

laga um meðferð opinberra mála og 13. gr. lögreglulaga, að þeir sem annast rannsókn skuli vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Lögregla skal annast rannsóknina af nákvæmni og nærgætni og gæta meðalhófs við starfa sinn, sbr. 14. gr. lögreglulaga.

- Málshraði og hagkvæmni. Nauðgun er alvarlegt afbrot sem beinist gegn líkama og frelsi þess sem fyrir verður. Nauðgunarkærur þykja eiga að njóta forgangs hjá lögreglunni. Ætla skal nægjanlegan mannafla til rannsóknarinnar og hraða henni sem kostur er. Afla skal nauðsynlegra rannsóknargagna, en ljúka rannsókn þegar mál er upplýst.

3.2. Meðferð máls

Starfshópurinn hefur leitast við að meta hvernig mætt hefur verið viðmiðum um góða rannsóknarhætti við lögreglurannsókn í þeim málum sem yfirfarin hafa verið. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við lögreglurannsókn nauðgunarmála:

3.2.1. Málshraði

Tekið var saman meðaltal rannsóknartíma í dögum talið við fullrannsókuð mál frá upphafi rannsóknar til þess dags er mál var sent ríkissaksóknara.

	1997*	1998	1999	2000	2001
Meðaltal dagafjöldi	38	96	93	130	167
Lengst	53	220	157	329	300
Styst	24	50	27	42	78

* Aðeins tvö mál frá 1. júlí 1997 til ársloka

Rannsókn máls hafði styst tekið 24 daga, en lengst 329 daga. Athygli vekur að meðaltími rannsóknar lengdist jafnt og þétt á tímabilinu, frá 96 dögum árið 1998 til 167 daga árið 2001.

Það er mat starfshópsins að einkum tvennt hafi orðið til þess að lengja rannsóknartíma. Annars vegar verkaskipting milli rannsóknarlögreglumanna og lögreglustjóra/löglærðra fulltrúa, einkum við stærri lögregluembætti og hins vegar framkvæmd skýrslutöku fyrir dómi skv. 74. gr. a. oml. Starfshópurinn telur það til þess fallið að stytta rannsóknartíma að lögreglustjóri/löglærður fulltrúi, komi að rannsókn máls í upphafi og fylgi rannsókninni eftir, fremur en að koma fyrst að málinu eftir að eiginlegri lögreglurannsókn er talið lokið. Þá hefur athugun starfshópsins leitt í ljós að oft líður nokkur tími frá því að kæra berst þar til fram fer skýrslutaka af kæranda fyrir dómi skv. 74. gr. a. oml. Þetta virðist einkum eiga við um mál sem koma upp á landsbyggðinni, en skýrslutöku er beint til dóms í Reykjavík.

Enn má nefna að dráttur á því að bótakrafa berist virðist oft leiða til þess að mál tefjist hjá lögreglu.

3.2.2. Rannsóknargæði

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við lögreglurannsókn í þeim málum sem hafa verið yfirfarin.

- *Skráning í málaskrá.* Mikið er um að mál séu ranglega skráð í málaskrá. Oft er mál skráð undir röngu brotaheiti. Þannig er algengt að kærsmål vegna brots á 196. gr. hgl. séu færð sem 194. gr. mál. Upphafskafli í leiðbeiningum í handbók rannsóknardeildar Lögreglustjórans í Reykjavík um meðferð nauðgunarmála þykir til þess fallinn að valda ruglingi í þessu efni.
- *Rannsóknartími.* Áður er að því vikið að oft líður nokkur tími frá því að kæra berst þar til fram fer skýrslutaka af kæranda fyrir dómi skv. 74. gr. a. Af þessum sökum líður einnig oft nokkur tími frá því kæra berst uns kærði er yfirheyrður. Í of mörgum málum þykir einnig vera óútskýrður og óþarfa dráttur frá því kæra berst og þar til lögreglurannsókn hefst. Þá þykir lögreglurannsókn í mörgum tilvikum taka of langan tíma, óútskýrð hlé verða milli rannsóknaraðgerða og yfirheyrslur fara fram með vikna, jafnvel mánaða millibili, án skýringa. Of fá mál eru rannsökuð af krafti og samfellt. Ekki er útilokað að niðurstaða hefði í einhverjum tilvikum getað orðið önnur ef fyrir hefði verið brugðist við, t.d. með vettvangsrannsókn og tæknirannsókn í beinu framhaldi af kæru eða þegar grunur vaknar um brot.
- *Viðbrögð við kæru.* Það hvernig mál ber að þykir hafa of mikil áhrif á viðbrögð lögreglu. Þannig virðist meiri hraði vera á rannsókn mála sem kærð eru í beinu framhaldi af atviki, en rannsókn þeirra sem kærð eru síðar ganga hægar.
- *Eftirfylgni.* Oft er misbrestur á að málum þar sem lögregla hefur haft afskipti vegna gruns um kynferðisbrot sé fylgt eftir. Til dæmis ef meintum brotapolá hefur verið ekið á Neyðarmóttöku. Mikilvægt er að öllum slíkum málum sé fylgt eftir, þannig að haft sé símasamband við viðkomandi og leitað eftir því hvort kæra verði lögð fram. Er ástæða til að nefna sérstaklega að lögreglan í Reykjavík hefur fylgt vel eftir málum sem hún hefur komið að.
- *Afturköllun kæru.* Í einstaka máli hefur rannsókn verið hætt eftir að kæra er afturkölluð, þótt vísbendingar séu um að brot hafi verið framið. Lögreglu er ekki rétt að ganga út frá því að rannsókn skuli hætt þótt kæra hafi verið afturkölluð. Skoða verður hvert mál fyrir sig, meta sönnunarstöðuna og hugsanlegar ástæður afturköllunar.
- *Reynsla og sérhæfing.* Lögregluembætti eru misstór og málafjöldi misjafn. Með málafjölda eykst reynsla og sérhæfing. Því þarf e.t.v. ekki að koma á óvart að augljós munur er á vinnubrögðum milli lögregluembætta. Sá munur þykir þó ekki ávallt verða skýrður með æfinga- eða reynsluleysi, s.s. þegar skýrslugerð og skráningu upplýsinga er ábótavant.
- *Skýrslugerð.* Dæmi eru um að skýrsluform séu illa út fyllt þannig að ýmsar grunnupplýsingar vanti. Dæmi eru um ranga hugtakanotkun í skýrslum, að handtökuskýrslur vanti, þess sé ekki getið hvað verður um handtekinn mann að lokinni yfirheyrslu o.s.frv. Skýrslur með áherslumerkingum, s.s. undirstrikunum og breyttri leturgerð, eiga ekki að sjást.
- *Yfirheyrslutækni.* Dæmi eru um ómarkvissar skýrslutökur af kærðum og vitnum. Til dæmis kemur fyrir að yfirheyrandi virðist láta við það sitja að bóka frásögn skýrslugjafa, en beri ekki fram nauðsynlegar spurningar og gagnrýnar þegar við á. Stundum er óþarflega mikið bókað um atriði sem ekki skipta máli við rannsókn málsins. Í sumum málum virðist yfirheyrandi ekki hafa undirbúið sig nægjanlega fyrir yfirheyrslu.

- *Vettvangsrannsókn/tæknirannsókn.* Í mörgum málum hefur lítil eða engin rannsókn farið fram á vettvangi. Mikill munur er milli lögregluembætta varðandi það hversu mikið er lagt í vettvangs- og tæknirannsókn mála. Þess voru ekki aðeins dæmi að of lítið væri að gert heldur einnig að of langt væri gengið. Þannig fór t.d. fram kostnaðarsöm DNA-rannsókn í máli þar sem ekki varð séð að niðurstaða slíkrar rannsóknar skipti máli um sönnun.
- *Læknisfræðileg gögn.* Vottorð læknis á Neyðarmóttöku eða annarri sjúkrastofnun og sýni sem þar eru tekin á að sækja strax og skoðun lýkur. Dæmi eru um að þessi gögn liggi svo vikum skipti og í einstaka tilfalli eru þau aldrei sótt.
- *Dagbók.* Misjafnt reyndist vera hvort lögreglumenn héldu dagbók um rannsókn máls. Skilmerkilega færðar dagbækur sem liggja fyrir í málum þykja veita góða sýn yfir framgang máls.
- *Æviferilsskýrslur.* Æviferilsskýrslur var sjaldan að finna í málum og þær sem höfðu verið færðar voru almennt lítið upplýsandi og ekki í samræmi við ákvæði 17. gr. reglugerðar nr. 395/1997.
- *Greinargerð rannsóknara.* Samkvæmt 1. mgr. 77. gr. oml. sendir rannsóknari ríkissaksóknara málgögn að rannsókn lokinni og skal hann þá að jafnaði senda með rannsóknargögnunum greinargerð um rannsóknina þar sem kemur fram samandregin lýsing á atriðum sem hann telur ákæru geta beinst að. Misjafnt er hvort lögreglustjórar senda ríkissaksóknara slíkar greinargerðir og hvernig þær eru unnar. Oft fylgja alls engar greinargerðir, stundum ritar rannsóknarlögreglumaður samantekt með málunum, stundum er samantektin unnin af rannsóknarlögreglumanni og lögreglustjóra/löglærðum fulltrúa. Ástæða er til að nefna að sérstaklega vel hefur tekist til með greinargerðir rannsóknarlögreglumanna og löglærðra fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík. Góð greinargerð rannsóknara er augljóslega til þess fallin að flýta fyrir meðferð máls hjá ríkissaksóknara.

4. Meðferð nauðgunarmála hjá ákæruvaldi

4.1. Viðmið

Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli mann til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa, samkvæmt 112. gr. oml., en ella leggur hann málið fyrir dóm. Samkvæmt 31. gr. laganna skulu þeir sem fara með ákæruvald vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar.

Við útgáfu ákæru er nauðsynlegt að ákærandinn telji sterkar líkur á sök viðkomandi og geti fært fyrir henni nægjanlega sönnun.

Atriði sem koma til skoðunar við mat á saksóknargæðum eru einkum málshraði, sönnunarmat og rökstuðningur fyrir niðurfellingu máls.

4.2. Meðferð máls

Að lokinni yfirferð þeirra mála sem felld hafa verið niður við embætti ríkissaksóknara á tímabilinu sem um ræðir hefur starfshópurinn komist að eftirfarandi niðurstöðum um hvernig mætt hefur verið ofangreindum viðmiðum um góða saksóknarhætti:

4.2.1. Málshraði

Meðaltal málsmeðferðartíma ríkissaksóknara, frá því mál barst embættinu þar til mál var niðurfellt, var í dögum talið:

	1997*	1998	1999	2000	2001
Meðaltal dagafjöldi	19	34	47	52	41
Lengst	28	90	240	164	92
Styst	10	5	7	8	15

* Aðeins tvö mál frá 1. júlí 1997 til ársloka

Málsmeðferðartími er að meðaltali ekki langur að mati starfshópsins. Þó kemur fyrir að einstaka mál hafi dregist úr hófi. Eitt mál skar sig úr, en það hafði verið 240 daga til meðferðar árið 1999. Annað mál hafði verið 164 daga til meðferðar árið 2000. Í önnur skipti var afgreiðslutími mjög skammur, allt niður í 5-7 daga.

4.2.2. Saksóknargæði

Starfshópurinn gerir ekki athugasemdir við sönnunarmat sem liggur að baki niðurfellingum í málunum sem hafa verið yfirfarin. Fjöldi sýknudóma gefur einnig til kynna að ákært sé í vafatilvikum.

Í nokkrum málum hafa kærendur krafist rökstuðnings ákvörðunar og þykir veittur rökstuðningur vera fullnægjandi.

5. Tillögur til úrbóta

5.1. Skráning mála hjá lögreglu

5.1.1. Dagbók lögreglu

Þegar skráð nauðgunarmál sem lögregla hafði lokið rannsókn á voru yfirfarin kom í ljós að allmörg mál bar að þannig að lögregla hafði afskipti af fólki, sem kvaðst sjálft hafa orðið fyrir kynferðisbroti, eða orðið vitni að slíku. Oftast voru þetta mál þar sem lögregla aðstoðaði fólk við að komast undir læknishendur, en kæra um nauðgun eða annað kynferðisbrot var ekki borin fram. Um þessi samskipti hefur svo verið skráð lögregluskýrsla og stofnað mál eins og rannsókn sé hafin á broti gegn 194. gr. hgl.

Þegar afskipti lögreglu af máli ná ekki lengra en hér er lýst þykir rétt að ekki verði rituð lögregluskýrsla, en ítarleg lýsing færð í dagbók lögreglu. Í öllum tilvikum skal gengið úr

skugga um að kæra verði ekki lögð fram og skal færa í dagbók upplýsingar um að það hafi verið gert. Komi kæra fram síðar verða fyrirliggjandi dagbókarfærslur gögn í málinu.

5.1.2. Málaskrá lögreglu

Þegar mál er fært í málaskrá skal þess gætt að háttsemi sé rétt færð til refsíákvæða. Starfshópurinn leggur til að lögreglustjóri/löglærður fulltrúi komi ávallt að lokafærslu og leiðrétti ranga skráningu. Minnt er á umburðarbréf ríkislögreglustjóra til allra lögreglustjóra, dags. 27. ágúst 1998, um frágang mála í málaskrá o.fl. Í bréfinu er lögð áhersla á að lögreglustjórar beri ábyrgð á því að málaskrá lögreglunnar sé rétt færð.

5.2. Hlutverk lögreglustjóra og löglærðra fulltrúa

Af lögum um meðferð opinberra mála verður ráðið að ríkissaksóknari fer með æðsta vald við rannsókn opinberra mála. Um þá skipan segir í álitum umboðsmanns Alþingis, dags. 14. maí 1998, vegna kvörtunar um synjun ríkissaksóknara á beiðni um opinbera rannsókn í tilteknu máli:

"Samkvæmt 5. mgr. 77. gr., 2. mgr. 66. gr. og 2. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum, getur ríkissaksóknari kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni. Þá er það ennfremur á hans valdi að taka "fullnaðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki", sbr. 2. mgr. 76. gr. laganna. Er ljóst af þessum og öðrum ákvæðum laga nr. 19/1991, að það er ríkissaksóknari, sem fer með æðsta vald hér á landi við rannsókn opinberra mála."

Þetta er í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála um markmið rannsókna, sem er skv. 67. gr. laganna, að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar. Ákærendur skulu sjá til þess að rannsókn fari fram í samræmi við lög og reglur samkvæmt þeim, sbr. 1. gr. reglugerðar um stjórn lögreglurannsókna o.fl. nr. 396/1997. Þeir geta gefið lögreglu fyrirmæli um framkvæmd rannsókna, enda annast lögregla rannsókn brota í samráði við ákærendur, sbr. 1. mgr. 8. gr. lögreglulaga.

Með hliðsjón af þessu þykir mikilvægt að lögreglustjórar, sem handhafar ákærvalds, eða löglærðir fulltrúar þeirra, komi undantekningarlaust að rannsókn nauðgunarmála og annarra alvarlegra kynferðisbrota og gefi leiðbeiningar og fyrirmæli um framkvæmd rannsóknarinnar í samræmi við það. Þannig verði betur tryggt að markmiðum rannsókna verði náð. Gæta þarf að lagatæknilegum atriðum við rannsóknina. Álitafni um heimfærslu brots sem kæra lýtur að eru refsiréttarlegs eðlis og brýnt er að fyrirmælum réttarfarslaga sé fylgt í hvívetna. Þá þarf rannsókn að taka mið af dómaframkvæmd og þeim sönnunarkröfum sem dómstólar gera.

Lagt er til að við upphaf rannsókna nauðgunarmáls dragi lögreglustjóri/löglærður fulltrúi og rannsóknarlögreglumaður/yfirmaður lögreglu, sem annast rannsóknina, í sameiningu upp áætlun um hvernig rannsókninni skuli hagað. Áætlunin skal vera skrifleg og geyma m.a. ákvæði um:

- Að hverju sönnunarfærsla beinist.
- Hvað á að gera, í hvaða röð, hvenær og hver á að gera hvað?

- Vettvangsrannsókn og tæknivinnu.
- Hvort leita þarf aðstoðar við rannsóknina frá öðru lögregluumdæmi.
- Hvort leita þarf aðstoðar ríkislögreglustjóra.
- Tímaáætlun og reglulega fundi til að fara yfir framgang rannsóknarinnar.

Lögreglustjóri/löglærður fulltrúi taki ákvörðun um að vísa frá kærðu eða hætta rannsókn máls skv. 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála og annist tilkynningar til kærða og kæranda skv. 2. og 4. mgr. sömu greinar.

Þessi tilhögun er einnig í samræmi við Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins um hlutverk ákærvaldsins í refsivörslukerfinu frá 6. október 2000 (Rec (2000)19), þar sem segir í a. lið 22. gr. að tryggja skuli að ákærandi geti: "veitt lögreglu viðeigandi fyrirmæli í því skyni að framkvæma þau atriði sem refsivörslustefna veitir forgang, sérstaklega hvað snertir ákvarðanir um hvers konar málum skuli fyrst sinnt, aðferðir við öflun sönnunargagna, starfslið sem nýta skal, þann tíma sem rannsókn skal veittur (...) o.fl."

Lögreglustjórar og löglærðir fulltrúar verða að vera vel að sér til að rannsóknarmarkmiðum verði sem best náð. Í stærri lögregluumdæmum tíðkast að lögfræðingar sem hafa reynslu af meðferð kynferðisbrota komi að rannsókninni. Öðruvísi háttar til í minni umdæmum, þar sem oft ráðast í fulltrúastöður ungir nýútskrifaðir lögfræðingar, sem hafa litla starfsreynslu. Við bætist að dregið hefur úr kennslu við lagadeild Háskóla Íslands í sérstaka hluta refsiréttarins, svo að nýútskrifaðir lögfræðingar eru oft ekki mikið lesnir í þessum málaflokki.

Haustið 2000 var bryddað upp á þeirri nýbreytni við Lögregluskóla ríkisins að halda námskeið fyrir löglærða fulltrúa lögreglustjóra. Námskeiðið var samstarfsverkefni skólans og ríkissaksóknara og var markmið þess að auka færni og kunnáttu lögfræðinga hjá lögreglustjórum við undirbúning og afgreiðslu mála. Fyrirlestrar lutu að réttarfarslega tengdum málefnum, s.s. þvingunarráðstöfunum og yfirheyrslum í dómi, reglum um samstarf lögregluembætta og rannsóknaraðstoð, mannréttindareglum, samstarfi og samvinnu löglærðra fulltrúa og lögreglumanna o.fl. Er fyrirhugað að námskeiðahald af þessu tagi verði reglubundið við Lögregluskólann. Lagt er til að á þeim námskeiðum verði farið markvisst yfir rannsóknarhætti í nauðgunarmálum, sem og öðrum kynferðisbrotamálum. Boðið verði uppá refsiréttarlega fyrirlestra um kynferðisbrot, fjallað um helstu réttarfarsleg álitæfni sem komið geta upp við rannsókn þeirra brota og dómaframkvæmd rakin með hliðsjón af þeim sönnunarkröfum sem gerðar eru í þessum málaflokki.

5.3. Menntun og starfsþjálfun lögreglumanna

Nám í grunndeild Lögregluskóla ríkisins, þar sem lögreglunemar læra til lögreglumanns, tekur eitt ár. Það eru átta mánuðir á tveimur önnum í skólanum og starfsþjálfun í lögregluliði í fjóra mánuði.

Í skólanum eru kennslustundir alls um 1200 á báðum önnum og eru strangar kröfur gerðar til lögreglunema um að þeir standist próf til að mega starfa sem lögreglumenn að náminu loknu.

Meðal námsgreina í grunndeild skólans eru réttarfar, refsiréttur og lögreglurannsóknir brotamála.

Í stuttu máli er markmiðið með kennslunni í þessum námsgreinum að nemarnir öðlist undirstöðuþekkingu og skilning á viðfangsefnunum, sem eru samþætt í framkvæmd lögreglustarfa. Þannig læra þeir m.a. grundvallarreglur um réttarstöðu sakborninga, vitna og brotþola og í því sambandi beitingu þvingunarráðstafana með tilliti til heimilda og eftir atvikum skyldu lögreglu; læra grunnatriði í rannsóknum brotamála, uppbyggingu rannsókna og mikilvægi vandaðra vinnubragða með tilliti til sönnunarstöðu mála; einnig öðlast þeir þekkingu og skilning á refsireglum og refsilöggjöf þar sem áhersla er lögð á þau skilyrði sem sett eru fyrir refsíabyrgð og hverjar refsileysisástæður geta verið, auk þess sem refsireglur eru skýrðar með dæmum.

Í framhaldsdeild skólans eru haldin námskeið fyrir starfandi lögreglumenn. Þar eiga þeir kost á reglulegri sérmenntun þar sem rífað er upp og kynntar nýjungar sem varðar framkvæmd lögreglustarfa almennt og einnig gefst þeim tækifæri til sérmenntunar á ýmsum sviðum. Í sérmenntun er fyrst og fremst tekið mið af þeim sérstöku og eftir atvikum sérhæfðu störfum sem lögreglumenn sinna en það getur verið töluvert mismunandi og fer m.a. eftir því hvar í lögreglulíðum á landinu lögreglumenn starfa.

Fjöldmörg námskeið hafa verið haldin í skólanum fyrir lögreglumenn sem sinna rannsókn brotamála. Stærsta skrefið í þeim efnum var þó tvímælalaust tekið vorið 2001 er fyrsta námskeið var haldið sem sérstaklega var ætlað fyrir verðandi rannsóknarlögreglumenn. Markmið með námskeiðinu var að gera þátttakendur hæfa til að annast rannsóknir brotamála með áherslu á undirbúning, skipulag og framkvæmd hvers konar rannsókna, þar á meðal rannsókn nauðgunarmála og annarra kynferðisbrota. Einnig var lögð áhersla á að kenna á hvern hátt málum er skilað til ákæranda og um mikilvægi samvinnu lögreglumanna og ákæranda. Námskeiðinu lauk með tveimur prófum þar sem lágmarkseinkunnar var krafist.

Lagt er til að þetta námskeið verði með þessu eða svipuðu sniði reglulega við skólann og útfært frekar eftir þörfum. Þannig verður hægt að tryggja að þeir lögreglumenn sem eiga að takast á við rannsókn brota fái nauðsynlega viðbót við þann grunn sem lagður er með náminu í grunndeild skólans. Með því er áhersla lögð á þjálfun þeirra lögreglumanna sem ætlað er að takast á við rannsókn nauðgunarmála og annarra kynferðisbrota og í því sambandi er eðlilegt að gerð verði krafa til þess að með hæfilegri aðlögun verði það skilyrði sett að þeir lögreglumenn sem starfa eiga við rannsókn mála (rannsóknarlögreglumenn) skuli ljúka námskeiðinu og standast prófkröfur.

5.4. Aðstoð ríkislögreglustjóra við rannsókn og samvinna lögreglustjóra

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 396/1997 um stjórn lögreglurannsókna o.fl. skal brot að jafnaði rannsaka í lögregluumdæmi, þar sem talið er að það hafi verið framið.

Í lögreglulögum er að finna ákvæði um aðstoð sem lögreglustjórar geta leitað eftir við rannsókn alvarlegra brota, s.s. út af nauðgunarmálum. Ríkislögreglustjórinn veitir þessa aðstoð með því annars vegar að styrkja hlutaðeigandi lögreglustjóra með aðstoðarliði, samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. laganna, og hins vegar með því að vinna úr gögnum sem aflað er við rannsókn máls, sbr. e-lið sömu greinar. Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. er starfrækt

tæknideild við embætti lögreglustjórans í Reykjavík sem sinnir vettvangsrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum og þjónar deildin öllum lögregluumdæmum. Aðstoðarlið, samkvæmt þessum ákvæðum, er undir stjórn þess lögreglustjóra sem fer með rannsókn máls.

Í reglugerðinni eru nánari ákvæði um aðstoð við lögregluumdæmin og samstarf lögreglustjóra. Í 1. mgr. 4. gr. segir að einstakar rannsóknaraðgerðir í máli, utan rannsóknarumdæmis, annast lögreglustjóri í því umdæmi sem sá dvelst sem yfirheyrja skal, eða vettvangur sá er eða munir sem rannsóknaraðgerð lýtur að. Við meðferð tiltekins máls geta lögreglustjórar samið um að lögreglustjóri, sem annast rannsókn málsins, megi annast rannsóknaraðgerð í þágu þess í umdæmi hins. Þá segir í 2. mgr. 8. gr. að ríkissaksóknari geti lagt fyrir lögreglustjóra að leita aðstoðar ríkislögreglustjórans í einstökum málum. [REDACTED]

Í reglum ríkislögreglustjórans um vettvangs- og tæknirannsóknir, töku og vörslu fingrafara og ljósmynda, sem gefnar voru út fyrir lögregluna til eftirbreytni 16. júlí 1998, segir í II. kafla um vettvangsrannsóknir að lögreglu utan Reykjavíkur beri að jafnaði að leita aðstoðar við vettvangsrannsókn og öflun sönnunargagna á vettvangi í málum varðandi gróf kynferðisbrot, sbr. lið b) í 2.4. Nauðgunarmál falla undir þennan lið.

Rannsókn á brotavettvangi felur í sér leit og söfnun sönnunargagna og vörslur þeirra. Við þessa vinnu er beitt sérhæfðum aðferðum sem fellur undir verksvið tæknideildar lögreglustjórans í Reykjavík, samkvæmt 4. mgr. 8. gr. lögreglulaga. Mikilvægt er að upplýsingar um brotavettvang berist sem fyrst svo tryggja megi að verksummerki og sönnunargögn spillist ekki. Á sama hátt er mikilvægt að lögreglustjóri, sem fer með rannsókn máls, leiti sem fyrst liðsinnis tæknideildar en gæti þess að hindra umgang á vettvangi eða loka honum meðan beðið er aðstoðar. Ef langt er liðið frá meintu broti þar til kæra er lögð fram og vitað er hvar brot var framið er óvíst að þar megi finna verksummerki. Það verður ekki leitt í ljós nema með athugun á vettvangi. Í þessu samhengi er minnt á að sönnunargögn sem finnast á brotavettvangi geta haft úrslitapýðingu í máli. Í öllum tilfellum eiga ljósmyndir að fylgja rannsóknargögnum og lýsing á aðstæðum eða staðháttum á brotavettvangi, svo sem herbergjaskipan, niðurröðun á húsmunum og annað sem skipt getur máli. [REDACTED]

Í fyrrnefndum verklagsreglum um samanburðarrannsóknir er í lið 4 fjallað um sérstakar öskjur fyrir sýni sem tæknirannsóknarstofa ríkislögreglustjórans (TRS) lætur neyðarmóttökum í té. Í þessum öskjum er búnaður til söfnunar sakargagna við réttarlæknisfræðilega skoðun vegna kynferðisbrots, sbr. lið 4.1. Öskjur í þessum tilgangi eru tvenns konar, annars vegar þegar safna á sakargögnum hjá brotapolá og hins vegar hjá þeim sem grunaður er um brot. Þar sem ekki er neyðarmóttaka lætur TRS lögreglu, sjúkrahúsum eða heilsugæslustöðvum í té sams konar öskjur, eftir nánara samkomulagi, sbr. lið 4.2. Lögreglu í hverju umdæmi ber að fylgjast með því að nægjanlegt magn af öskjum sé til staðar svo ekki leiki vafi á því, þegar á þarf að halda, hvaða réttarlæknisfræðilega skoðun skuli framkvæma, hvaða aðferðum er beitt og hvernig sakarögn eru varðveitt.

Af þessu leiðir að lögregla í hverju umdæmi þarf að eiga þjálft samstarf við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. Æskilegt er að koma á samráðsfundum þar sem málin eru rædd og lögregla útskýri nauðsyn þess að gætt sé samræmis við réttarlæknisfræðilega skoðun, eins

og leiðbeiningar og eyðublað fyrir vottorð læknis, sem geymt er í fyrnefndum öskjum, gefa til kynna.

Sakargögn sem safnað er kunna að geyma lífsýni sem nýtast við rannsókn á erfðaeefni einstaklinga (DNA). Dæmi um lífsýni eru blóð, sæði, munnvatn, húð- og vefjahlutar, hár, þvag, skaf undan nöglum og blettir eða flekkir af lífrænum toga. Rannsókn til athugunar á erfðaeefni í sýni fer að jafnaði fram í öðrum löndum að undangenginni rannsókn sem Rannsóknastofa Háskólans í réttarlæknisfræði annast. Almennu eru samskipti lögreglu og Rannsóknastofu Háskólans í verkahring tæknideildar.

Í lögum um erfðaefnisskrá lögreglu, nr. 88, 2001, segir í 1. gr. að ríkislögreglustjóri skuli halda rafræna skrá með upplýsingum um erfðaeefni einstaklinga og nefnist hún erfðaefnisskrá lögreglu. Tilgangur skrárinnar er að lögregla geti nýtt hana við rannsókn sakamála og til að bera kennsl á ákveðna menn. Miklu skiptir að upplýsingar sem heimilt er að setja í erfðaefnisskrá berist ríkislögreglustjóranum jafn skjótt og þær liggja fyrir.

Rannsókn lögreglu felst að öðru leyti í því að taka niður skýrslu brotapolá, vitna ef einhver hafa verið og þeim sem grunur beinist að. Þessa vinnu á að fela lögreglumönnum sem öðlast hafa reynslu af rannsókn alvarlegra brota. Æskilegt er að hlutaðeigandi lögreglustjóri leiti aðstoðar þegar málin koma upp, einkum í þeim umdæmum þar sem kærur eru fátíðar.

5.5. Skýrslugerð

5.5.1. Skýrsluform

Við yfirlestur mála kemur í ljós að í skýrslu sem lögregla tekur af sakborningi er í mörgum tilvikum ekki gerð grein fyrir starfsheiti hans sbr. b-lið 2. mgr. 71. gr. oml. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum reit eða belti fyrir þessar upplýsingar á skýrslublöðum sem notuð eru. Starfshópurinn leggur til að bætt verði úr þessu og upplýsingar um starfsheiti eða stöðu sakbornings verði undantekningarlaust skráð í sérstakan reit.

Samkvæmt 2. mgr. 69. gr. laganna skal bóka hverju sinni hvenær prófun hefst og hvenær henni lýkur. Í skýrslukerfi lögreglu skráist sjálfkrafa dagsetning og tími þegar skýrslu er lokið. Starfshópurinn telur æskilegt að fram komi hvað verður um sakborning þegar hann hefur gefið skýrslu. Þetta getur skipt máli þegar skýrslur fara á milli manna og jafnvel á milli vakta hjá stærri embættum. Þótt vistunarskýrsla hafi verið gerð er ekki tryggt að hún fylgi skýrslu sakbornings. Upplýsingar um þetta mætti bóka á þessa leið: Vék frá laus kl. 14:15, vék frá í biðherbergi kl. 14:15, eða vék frá í fangelsi kl. 14:15, eftir því sem við á. Er mælt með því að bætt verði sérstökum reit á skýrslublöðin fyrir þessar upplýsingar.

5.5.2. Æviferilsskýrslur

Samkvæmt réttarfarslögum er m.a. gert ráð fyrir því að lögregla rannsaki atrið er varðar persónu sakbornings, sbr. 71. gr. oml., eins og nefnt er hér að framan.

Æviferilsskýrsla sem rannsóknarlögreglumaður tekur af sakborningi þar sem hann segir af högum sínum og eftir atvikum athuganir rannsóknarans sjálfs, getur skipt máli þegar refsing er ákveðin eða þegar grípa þarf til annarra úrræða varðandi sakborning.

Æviferilsskýrslur voru sjaldan ritaðar í þeim málum sem úttekt starfshópsins náði til. Ef þær voru ritaðar höfðu þær almennt lítið upplýsingagildi. Þess má einnig geta að ekki er vitað til þess að dómarmennt hafi gert athugasemdir við að ekki hafi fylgt skilmerkilegar æviferilsskýrslur rannsókn nauðgunarmála sem gengið hafa til dóms. Ef það verður túlkað þannig að litlu máli skipti hvort æviferilsskýrslur séu skráðar við lögreglurannsókn máls, er eflaust vænlegast að hætta alveg slíkri skýrslugerð og fella brott lagaákvæði um þær.

Ef hins vegar er gert ráð fyrir því að æviferilsskýrslur fylgi rannsóknargögnum þá skal fylgja ákvæðum 17. gr. reglugerðar nr. 395/1997 við ritun þeirra. Þar kemur fram að í minni háttar málum og málum sem ekki eru flókin megi fresta því að rita æviferilsskýrslu uns sýnt verður að ákærumál verði höfðað á hendur sakborningi. Af því má vera ljóst að til þess er ætlast að lögregla geri slíkar skýrslur í málum sem hún telur að gangi til dóms. Í þessu sambandi telur starfshópurinn rétt að leggja áherslu á að nauðgunarmál er aldrei minni háttar mál og að það skuli vera lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans sem ákveði að æviferilsskýrsla skuli ekki rituð.

5.5.3. Skýrslur teknar upp á hljóð- og myndband

Um heimild lögreglu til að taka skýrslur upp á hljóð- og myndband eru ákvæði í 1. mgr. 72. gr. laga um meðferð opinberra mála:

72. gr. 1. Rannsóknari semur skriflegar skýrslur um rannsóknaraðgerðir sínar og skulu skráðar þar skýrslur þeirra sem yfirheyðir eru, athuganir rannsóknara sjálfs og annað það sem máli skiptir. Ef sérstaklega stendur á, svo sem við yfirheyrslu barns, er rannsóknara þó heimilt að hljóðrita skýrslu vitnis eða taka skýrslugjöf upp á myndband.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum um meðferð opinberra mála segir m.a. um þetta efni: “Í 1. mgr. 72. gr. segir að rannsóknari skuli semja skýrslu um rannsóknina. Eiga þar að koma fram athuganir hans sjálfs, svo og skýrslur þær sem hann tekur af sakborningi og vitnum. Er þetta í samræmi við það sem tíðkast hefur. Skýrslu sakbornings eða vitnis má þó, ef sérstaklega stendur á, hljóðrita eða taka upp á myndband. Hér eru sérstaklega hafðar í huga yfirheyrslur yfir börnum, en einnig í öðrum tilvikum gæti verið hentugt að hljóðrita skýrslu, t.d. skýrslu sem tekin er af sjúklingi á sjúkrahúsi.”

Í handbók dómsmálaráðuneytisins um meðferð opinberra mála sem gefin var út í kjölfar nýrrar löggjafar árið 1992 kemur fram um þetta atriði á bls. 42: “...Bent er á að eftir orðalagi ákvæðisins tekur heimildin (innskot: þ.e. heimildin til að hljóðrita eða taka upp á myndband) aðeins til skýrslu vitna. Í athugasemd við 72. gr. í greinargerð virðist þó vera gert ráð fyrir því að ákvæðið taki einnig til sakbornings.”

Í 18. gr. reglugerðar um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslur hjá lögreglu nr. 395/1997, sem sett er með heimild í lögum um meðferð opinberra mála kemur fram í 1. mgr. 18. gr.: “Taka má yfirheyrslu sakbornings eða vitnis upp á hljóðband” og í 1. málslíð 6. mgr.: “Hafi yfirheyrsla verið tekin upp á hljóð- og myndband þarf ekki jafnframt að rita frásögnina eða spurningar og svör.”

Skv. 74. gr. a. oml. fer skýrslutaka fram fyrir dómi ef rannsókn beinist að kynferðisbroti og brotapolí hefur ekki náð 18 ára aldri og gert er ráð fyrir því að slíkar skýrslur séu teknar upp á hljóð- og myndband, sbr. ákvæði 2. mgr. 5. gr. og 16. gr. reglugerðar um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af brotapolá yngri en 18 ára nr. 321/1999.

Ótvírætt er að skýrslutökur í nauðgunarmálum geta dregist á langinn og reynst skýrslugjöfum þungbærar. Lögreglumaður þarf að fara ítarlega yfir atburðarásina með kæranda og kærða og gæta að því að spyrja um allt sem er til þess fallið að upplýsa málið. Með því að taka framburð uppá hljóðband/myndband, verður komist hjá því að trufla frásögn skýrslugjafa, sem annars er nauðsynlegt þegar skýrsla er skráð jafnóðum. Meiri líkur eru til þess að frásögnin verði eðlileg og óhindruð, auk þess sem skýrslutakan tekur mun skemmri tíma. Skýrslan myndi svo rituð eftir upptökunni. Myndbandsupptökur af skýrslugjöf kæranda og kærða gætu einnig verið upplýsandi um ástand þeirra og haft ríkara sönnunargildi en ritaðar skýrslur.

Starfshópurinn telur að rannsóknarmarkmiðum verði betur náð taki lögregla í auknum mæli upp það verklag að taka skýrslur kæranda og kærðu í málum vegna nauðgana og annarra alvarlegra kynferðisbrota upp á hljóð- og myndband.

Starfshópurinn bendir á að orðin "ef sérstaklega stendur á" í 1. mgr. 72. gr. oml. vísi til einhvers sem sé heimilt í undantekningartilvikum. Að því mæltu er því varpað fram hvort fullnægjandi lagaheimild sé til þess að hljóðrita skýrslur kærðra eða taka upp á myndband, sbr. orðalag 1. mgr. 72. gr. oml. Starfshópurinn telur að lagaheimild til þessa verði að vera skýrt orðuð.

5.6. Ákvörðun um að hætta rannsókn

Starfshópurinn minnir á að lögreglu er heimilt að vísa kæru um nauðgun frá eða hætta rannsókn slíks brots skv. 1. mgr. 76. gr. oml. Ekki eiga að sjást í málaskrá lögreglunnar færslur eins og "geymsla", "fellt niður", "lagt upp" eða "kæra afturkölluð".

Starfshópurinn álitur að ákvarðanir lögreglustjóra um að hætta rannsókn skv. 1. mgr. 76. gr. oml., hafi almennt verið réttar í þeim málum sem skoðuð voru. Hins vegar þykir rétt að benda á að ástæða kann að vera til að bera slíka ákvörðun undir ríkissaksóknara, sem hefur málshöfðunarheimild í þessum brotaflokk. Starfshópurinn er þeirrar skoðunar að fleiri málum mætti ljúka með þessum hætti, að höfðu samráði við ríkissaksóknara. Ekki eigi að senda ríkissaksóknara mál þar sem sakfelling sé augljóslega vonlaus, sbr. einnig orðalag 1. mgr. 77. gr. oml.

Ítrekað er að lögreglustjóri/löglærður fulltrúi taki ákvörðun um að hætta rannsókn og annist tilkynningar til kærða og kæranda, sbr. kafla 5.2.

5.7. Greinargerð rannsóknara

Þegar rannsókn máls er lokið sendir lögregla ríkissaksóknara rannsóknargögnin og skal þá að jafnaði fylgja greinargerð um rannsóknina þar sem fram kemur samandregin lýsing á atriðum sem lögregla telur ákæru geta beinst að, sbr. 1. mgr. 77. gr. oml.

Starfshópurinn leggur áherslu á að slíkar greinargerðir verði unnar sameiginlega af þeim rannsóknarlögreglumanni sem vinnur að rannsókn máls og lögreglustjóra eða löglærðum fulltrúa hans sem fer með rannsóknarstjórn með tilliti til saksóknaratriða.

Mörgum þeirra mála sem starfshópurinn skoðuðu fylgdu ágætar greinargerðir. Góð greinargerð rannsóknara er augljóslega til þess fallin að flýta fyrir meðferð máls hjá ríkissaksóknara. Greinargerðir eru ekki síður nauðsynleg hjálpargögn þegar lögregla ákveður að hætta rannsókn á grundvelli 1. mgr. 76. gr. oml.

Starfshópurinn leggur mikla áherslu á mikilvægi samvinnu og samstarfs rannsóknarlögreglumanna og löglærðra starfsmanna lögregluembættanna og telur að greinargerðir sem unnar eru í sameiningu við rannsókn alvarlegustu afbrota sé mikilvægur hlekkur í styrkingu þeirrar samvinnu.

Hér að neðan er lagt til verklag við samningu greinargerða. Gert er ráð fyrir því að lögreglustjóri/löglærður fulltrúi vinni liði merkta 1., 5. og 6, en rannsóknarlögreglumaður vinni liði merkta 2., 3. og 4. Báðir riti undir greinargerðina. Greinargerðin geymir samantekt og niðurstöður lögreglu sem fór með rannsókn málsins. Hún er einvörðungu ætluð ríkissaksóknara við úrvinnslu málsins.

Í greinargerð skal eftirfarandi koma fram:

1. *Hver – hvað – hvenær - hvernig?*
 - a. Lýsing meints brots – hver er kærður fyrir hvað o.s.frv. Efnisatriði verði í samræmi við texta skv. c-lið 1. mg. 116. gr. oml.
 - b. Skoðun rannsóknara á heimfærslu til refsíákvæða.
 - c. Viðhorf kæranda til sakarefnis og saksóknar og til skaðabótakröfu. Fram komi viðhorf lögráðamanns ef kærandi er ófjárráða.
2. *Varðandi kæranda*
 - a. Stutt lýsing á framburði kæranda um málsatvik.
 - b. Upplýsingar sem hann veitir, t.d. um vitni, vettvang o.fl.
3. *Afstaða kærða*
 - a. Viðhorf kærða til kærunnar og þess sem kærandi krefst.
 - b. Stutt lýsing á framburði kærða um málsatvik.
4. *Annað sem fram kemur í rannsóknargögnum*
 - a. Stutt samantekt vitnaframburða.
 - b. Athuganir lögreglu og sönnunargögn.
 - c. Vettvangsrannsókn o.fl.
5. *Niðurstæða læknisfræðilegra gagna*
 - a. Gögn frá Neyðarmóttöku.
 - b. Gögn frá öðrum.
6. *Mat lögreglustjóra/löglærðs fulltrúa á sönnunarstöðu málsins*

5.8. Málshraði

Svo sem rakið er í kafla 3.2.1. hefur meðaltími lögreglurannsóknar lengst jafnt og þétt á tímabilinu sem skoðað var, frá 96 dögum að meðaltali árið 1998 til 167 daga árið 2001,

allt frá 24 dögum uppí 329 daga. Rannsóknartími lögreglu er of langur að mati starfshópsins. Í nefndum kafla 3.2.1. er bent á atriði sem talið er að geti valdið því að rannsóknartími er að lengist.

Lagt er til að tekin verði upp sú verklagsregla að fela tveimur lögreglumönnum að vinna saman að nauðgunarmálum, sem og öðrum alvarlegum kynferðisbrotum. Auk þess að flýta fyrir myndi það tryggja að vottur væri að öllum rannsóknaraðgerðum sbr. orðalag 2. mgr. 72. gr. oml.

Meðaltími máls hjá ríkissaksóknara var svipaður á tímabilinu, oftast um 40 dagar. Með minnisblaði 27. apríl 2001 kynnti ríkissaksóknari starfsmönnum embættisins markmiðssetningu um málsmeðferðartíma. Gert er ráð fyrir því að í málum sem ríkissaksóknari fer með málshöfðunarheimild í verði ákvörðun um saksókn tekin inna 30 daga frá því mál barst ríkissaksóknara, en þyki nauðsynlegt að senda mál til framhaldsrannsóknar skal ákvörðun um saksókn tekin innan 15 daga frá því mál berst ríkissaksóknara að nýju. Flest málin sem starfshópurinn skoðaði fullnægja þessu markmiði. Þó hefur verið bent á dæmi þess að mál hafi dregist á langinn, sbr. kafla 4.2.1. Starfshópurinn minnir einnig á fyrirmæli/leiðbeiningar ríkissaksóknara til lögreglustjóra (RS:5/2001) um hámarkstíma meðferðar mála vegna líkamsárása og vegna mála ungmenna.

5.9. Verklagsreglur

Lagt er til að ríkissaksóknari gefi út verklagsreglur til lögreglustjóra um rannsókn nauðgunarmála. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins gaf út leiðbeiningarreglur um þetta efni árið 1994. Reglurnar voru teknar upp í handbók rannsóknarlögreglunnar og hafa að einhverju leyti orðið fyrirmynd að reglum lögreglustjórans í Reykjavík á þessu sviði, sbr. handbók rannsóknardeildar lögreglustjórans.

Það er mat starfshópsins að þessar reglur geymi flest þau atriði sem taka skuli mið af við góða rannsókn. Viðauki við skýrsluna geymir drög að verklagsreglum sem starfshópurinn hefur unnið. Reglurnar byggja að stofni til á þessum gömlu reglum, en aukið hefur verið við þær og gerðar nokkrar efnisbreytingar, einkum með hliðsjón af breyttu lagaumhverfi og niðurstöðum starfshópsins um það sem miður þykir hafa farið við rannsókn þeirra mála sem skoðuð voru.

6. Niðurstöður starfshópsins

Könnun starfshópsins náði til allra skráðra kærumála vegna nauðgunar, fullframinna og tilraunarbrota, sem ekki sættu ákæru frá 1. júlí 1997 til ársloka 2001. Alls reyndist vera um að ræða 124 mál. Lögreglustjórar höfðu hætt rannsókn alls 71 máls, en 53 mál verið felld niður af ríkissaksóknara. Á sama tímabili var ákært í 23 nauðgunarmálum, þar af var sakfelld í 11 málum en sýknað í 9. Enn er ódæmt í þremur ákærumálum frá árinu 2001. Þá hefur lögregla haft til meðferðar fleiri mál, sem ekki hafði verið lokið við skoðun starfshópsins. Því má ætla að hætt verði rannsókn fleiri mála sem bærust lögreglu á tímabilinu.

Lögreglan í Reykjavík hafði haft til meðferðar og hætt rannsókn flestra mála sem ekki bærust ríkissaksóknara, en allmörgum málum var lokið af sýslumönnum í Hafnarfirði og Keflavík. Öll málin sem hætt var rannsókn í umdæmum sýslumanna á Akureyri, í Vestmannaeyjum og Stykkishólmi tengdust útihátíðum um verslunarmannahelgi. Kærumál dreifðust nokkuð jafnt milli ára.

Þegar litið er til þeirra mála sem ríkissaksóknara bærust voru hlutfallslega flestar ákæru útgefnar 1997 og það ár voru sýknudómar einnig fleiri en sakfellingardómar.

Árin 1998 til 1999 var ákært í fimmta hverju máli, en fjórða hverju árið 2000. Þessi ár bærust ríkissaksóknara einnig fleiri mál en árin á undan og eftir.

Ákæruhlutfall var til helminga árið 2001 og það ár voru einnig gefnar út flestar ákæru miðað við árin á undan.

Af þessum tölum verður ráðið að þótt mismörg mál berist ríkissaksóknara milli ára, þá er fjöldi ákæra svipaður. Sýknudómar eru flestir í upphafi tímabilsins, en virðist fara fækkandi. Þó liggur ekki fyrir dómsniðurstaða í helmingi þeirra mála sem ákært var í árið 2001. Nær helmingur dóma sem gengið hafa á tímabilinu eru sýknudómar.

Starfshópurinn ákvað í upphafi viðmið um það sem hann taldi vera góða rannsóknar- og saksóknarhætti. Um góða rannsóknarhætti var vitnað til ákvæða laga um meðferð opinberra mála um markmið rannsókna (67. gr.) og fyrirmæla um hvernig þeim markmiðum verði best náð (68.-77. gr.). Önnur viðmið eru að mati starfshópsins hlutlægni og réttaröryggi, málshraði og hagkvæmni.

Með þessi viðmið að leiðarljósi kynnti starfshópurinn sér lögreglurannsókn í málunum 124 sem ekki höfðu leitt til ákæru. Það er mat starfshópsins að lögreglurannsókn mála sé almennt þannig að fullnægi ofangreindum viðmiðum, en þó voru gerðar við þær nokkrar athugasemdir, sbr. kafla 3.2. Svo sem þar kemur fram taldi starfshópurinn ekki útilokað að í einstaka tilvikum hefði niðurstaða máls getað orðið önnur ef betur hefði verið haldið á málum við rannsókn.

Atriði sem þóttu helst koma til skoðunar við mat á saksóknargæðum voru málshraði, sönnunarmat og rökstuðningur fyrir niðurfellingu, auk þess sem vitnað var til hlutlægnisreglu 31. gr. oml. Niðurstöður starfshópsins um meðferð ríkissaksóknara á 53 málum sem felld voru niður við embættið er að finna í kafla 4.2. Ekki voru gerðar athugasemdir við sönnunarmat sem liggur að baki niðurfellingum í málunum. Fjöldi sýknudóma sýnir einnig að ákært hefur verið í vafatilvikum.

Starfshópurinn gerir nokkrar tillögur til úrbóta, einkum með hliðsjón af athugasemdum í kafla 3.2. Tillögurnar sem reifaðar eru í kafla 5 lúta að skráningu mála hjá lögreglu,

hlutverki lögreglustjóra/löglærðra fulltrúa við rannsókn, menntun og starfsþjálfun lögreglumanna, aðstoð ríkislögreglustjóra og samvinnu lögreglustjóra, skýrslugerð, ákvarðanatöku um að hætta rannsókn, rannsóknargreinargerðum og málshraða. Loks er lagt til að ríkissaksóknari gefi út verklagsreglur til lögreglustjóra um rannsókn nauðgunarmála og hefur starfshópurinn unnið drög að slíkum reglum. Starfshópurinn vonast til að tillögurnar miði að bættri meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákærvaldi.

Reykjavík, 14. mars 2002

Ragnheiður Harðardóttir
Arnar Guðmundsson
Gísli Pálsson
Hörður Jóhannesson

VIÐAUKI

VERKLAGSREGLUR UM RANNSÓKN NAUÐGUNARMÁLA

Kæra og fyrstu aðgerðir

1. Móttaka á nauðgunarkæru

- 1.1. Að jafnaði skal taka kærur um nauðgun niður á starfsstöð lögreglunnar. Nú hefur kærandi samband við lögreglu og ber lögreglu þá að bjóðast til að aka kæranda á lögreglustöð.
- 1.2. Nú er kærandi staddur á neyðarmóttöku/sjúkrahúsi eða getur ekki komið til lögreglu vegna ástands síns og skal þá farið til hans eins fljótt og mögulegt er.
- 1.3. Nauðgunarkærur eiga að njóta forgangs hjá lögreglu. Ekki má láta kæranda sitja meðal annarra kæranda og biða afgreiðslu.
- 1.4. Auðsýna skal kæranda fyllstu tillitsemi og vingjarnlegt viðmót og hafa í huga að hann getur verið í kreppuástandi eða úr jafnvægi vegna árásarinnar sem hann hefur orðið fyrir.
- 1.5. Skrifa skal allar kærur niður og færa í málaskrá. Gæta skal þess að brotaheiti sé rétt fært í málaskrá. Mikilvægt er að kæranda verði ekki mætt með vantrú eða tortryggni. Komi fram eða liggja fyrir vísbendingar um að kæra sé röng ber að reyna að leiða hið rétta í ljós í komandi rannsókn.
- 1.6. Virða skal óskir kæranda um að gefa skýrslu fyrir konu eða karli.

2. Frumskýrsla

- 2.1. Á þessu stigi málsins skal aðeins taka stutta frumskýrslu. Skrá skal niður stutta kærulýsingu þar sem leggja ber áherslu á upplýsingar um verknaðinn, brotamanninn, vettvanginn og vitni, svo að unnt sé að hefja rannsóknina; skoðun á vettvangi og leit að brotamanninum.
- 2.2. Gera skal kæranda viðvart um eftirfarandi atriði:
 - 2.2.1. Að á þessu stigi verði einungis leitað eftir grundvallar upplýsingum hjá honum, sbr. lið 2.1.

- 2.2.2. Að þýðingarmikið sé að hann verði fluttur sem fyrst í neyðarmóttöku þar sem hann muni njóta stuðnings og undirgangast læknisskoðun o.s.frv. Kynna ber hvers sé að vænta í neyðarmóttökunni.
- 2.2.3. Að hann gefi aðalskýrslu að lokinni læknisskoðun enda treysti hann sér til þess.

3. Símaerindi varðandi nauðgun

- 3.1. Ekki má vísa frá erindi þess sem hringir og íhugar að kæra nauðgun og vill leita ráða hjá lögreglunni í því sambandi. Símaerindi skal gefa strax til yfirmanns þeirrar deildar, sem með mál þessi fer, yfirmanns bakvaktar eða helgarvaktar eða rannsóknarlögreglumanns á vakt eftir því sem við á. Áriðandi er að benda viðkomandi á þjónustu neyðarmóttökunnar.
- 3.2. Öll símaerindi skal skrá í dagbók lögreglu og skal þar koma fram hvaða úrlausn þau fengu.

4. Neyðarmóttaka

- 4.1. Þegar sýnt er að kærandi, sem leitað hefur til lögreglu vegna nauðgunar, verður fluttur í neyðarmóttöku, skal gera viðvart þangað þegar í stað. Flytja skal kæranda í neyðarmóttöku þegar að lokinni frumskýrslu.
- 4.2. Á neyðarmóttökunni verður þetta gert m.a.:
 - 4.2.1. Fatnaður kæranda tekinn til þess að hann megi rannsaka.
 - 4.2.2. Áverkar skráðir og ljósmyndaðir. Starfsfólk neyðarmóttöku annast myndatökuna að jafnaði.
 - 4.2.3. Sýni tekin til DNA samanburðarrannsókna. Sýnataka er háð samþykki kæranda.
 - 4.2.4. Blóðsýni tekið til alkóhólrannsókna eða fíkniefnarannsókna, ef ástæða er til.
- 4.3. Í tengslum við öflun og varðveislu sönnunargagna hefur verið tekin í notkun askja með ýmsum hjálpargögnum. Að lokinni notkun er askjan fyllt að nýju.
- 4.4. Sönnunargögn, sem tekin eru við skoðun í neyðarmóttöku, eru geymd þar þangað til rannsóknarlögreglumaður sækir þau og flytur í tæknideild. Undanskilin eru svokölluð frostsýni sem neyðarmóttaka varðveitir áfram eftir atvikum þar til rannsóknari hlutast til um rannsókn á þeim.
- 4.5. Í tæknideild eru sönnunargögn flokkuð, skráð, ljósmynduð, rannsökuð og eftir atvikum send annað með beiðni um sértækar rannsóknir.

5. Skýrsla kæranda

- 5.1. Aðalskýrslu af kæranda, þar sem tekið er á öllum þáttum sem skipta máli, ber fyrst að taka eftir að læknisrannsókn er lokið og ekki fyrir en það er ráðlegt eða mögulegt með tilliti til ástands kæranda.

- 5.2. Skýrslutakan má fara fram í neyðarmóttökunni bjóði aðstæður upp á það. Krefjist rannsóknarnauðsyn þess ekki að kærandi gefi frekari upplýsingar eftir læknisskoðun má fresta skýrslutöku til næsta dags.
- 5.3. Heimila má þeim sem kærandi óskar að vera viðstaddur skýrslutökuna, ef það þykir skaðlaust vegna rannsóknar málsins.
- 5.4. Nú er kærandi yngri en 18 ára og skal þá lögreglustjóri/löglærður fulltrúi lögreglustjóra þegar að lokinni frumskýrslu rita viðkomandi héraðsdómstól bréf með beiðni um skýrslutöku fyrir dómi.

Skýrslutaka og rannsókn

6. Vettvangsrannsókn

- 6.1. Farið skal á vettvang eins fljótt og mögulegt er til þess að tryggja og varðveita sönnunargögn sem kunna að vera þar.
- 6.2. Vernda skal vettvang til að koma í veg fyrir að:
 - 6.2.1. Sönnunargögn tapist eða verði afmáð.
 - 6.2.3. Efni, t.d. óhreinindi, sem ekki koma málinu við, berist inn á vettvanginn.
 - 6.2.4. Sönnunargögn verði færð eða flutt til.
- 6.3. Tæknideildarmaður annast vettvangsrannsókn, ef því verður við komið. Rétt er að taka ljósmyndir af vettvangi áður en hann er rannsakaður.
- 6.4. Hafa ber í huga að nauðsynlegt getur verið að spyrja nágretta vettvangs hvers þeir hafa orðið varir o.s.frv.

7. Brotapoli

- 7.1. Sönnunargögn á brotapolu
Brotapoli verður væntanlega færður í neyðarmóttöku til læknisskoðunar þar sem fót hans verða jafnframt tekin til viðeigandi rannsókna. Öðrum þræði gengur læknisskoðun og meðferð á neyðarmóttöku út á að leita að og tryggja sönnunargögn sem þolandi ber, sbr. lið 4.2. Þess vegna er brýnt að allt verði gert sem mögulegt er að gera til að varðveita þau fram yfir læknisskoðunina. Oft getur verið ástæða til að óska þess að blóð verði tekið úr þolanda til alkóhólrannsóknar eða fíkniefnarannsóknar. Hafi blóðtöku verið óskað í þessu skyni en synjað, skal geta þess í skýrslu.
- 7.2. Skýrslutaka af brotapolu
 - 7.2.1. Gæta skal ákvæða laga um meðferð opinberra mála um vitnaskyldu og vitnaábyrgð og kynna brotapolu rétt til að fá tilnefndan réttargæslumann, til að hafa uppi bótakröfu og bótarétt skv. lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolanda afbrota nr. 69/1995.

7.2.2. Frumskýrsla, sbr. lið 2. Leita skal upplýsinga um verknað, sakborning, vettvang og hugsanleg vitni, fyrst og fremst til þess að unnt sé að hefja rannsókn, skoðun á vettvangi, leit að sakborningi og vitnum.

Spurt er hvar? - hvenær? - hver?

7.2.3. Aðalskýrsla.

Spyrja skal um nafn, kennitölu, stöðu, vinnustað, heimilisfang og símanúmer.

Síðan er spurt:

- Hver er brotamaðurinn?
- Hvernig hittust brotapolí og brotamaður?
- Þekktust þau?
- Hvernig fóru þau á staðinn þar sem brotið var framið?
- Nákvæm staðsetning vettvangs og lýsing á honum.
- Sá brotapolí einhvern sem gæti veitt upplýsingar í málinu?
- Hvað gerðist í samskiptum þeirra fyrir nauðgunina - orðræður sem geta skipt máli.
- Kallaði brotapolí á hjálp? Ef ekki, hvers vegna ekki?
- Var ofbeldi beitt. Í hverju var það fölgandi? Hvernig var brotapolá haldið o.s.frv. Skýr og nákvæm lýsing.
- Var vopni beitt?
- Var hótun um ofbeldi beitt? Hverjar voru hótanirnar?
- Hvernig lágu þau? Á hverju lágu þau?
- Varðist brotapolí nauðguninni? Hvernig?
- Var brotið fullframið?
- Hvernig komst brotapolí undan?
- Hvert fór brotamaður?
- Lýsing á fötum beggja.
- Samræður sem varða brotið. Sagði brotamaður, ef ókunnur, eitthvað um sig eða líf sitt?
- Tapaði brotapolí einhverju eða skildi eftir á vettvangi?
- Skildi brotamaðurinn eitthvað eftir á vettvangi?
- Hverjum sagði brotapolí fyrst frá? Hvenær? Hvar? Ef nokkur tími er liðinn og brotapolí hefur ekki sagt neinum frá - hvers vegna?
- Brotapolí lýsi meiðslum sínum og skemmdum á fatnaði sínum.
- Aðeins skal spyrja um kynferðissamband eða mök við annan eða aðra fyrir nauðgunina ef það hefur verulega þýðingu í málinu. Komi til slíkra spurninga skal bera þær upp af tillitssemi.
- Nákvæm lýsing á brotamanni, ef hann er óþekktur.
- Leita eftir að aflétt verði þagnarskyldu sérfræðinga sem koma að rannsókn málsins, s.s. lækna og sálfræðinga/geðlækna.

7.2.4. Nú óskar brotapolí eftir að afturkalla kæru og skal þá taka af honum skýrslu þar sem ástæður verði tilgreindar. Brotapolá verði kynnt að hann hafi ekki forræði sakarefnisins og að málið kunni eftir sem áður að leiða til ákæru.

8. Sakborningur - kærði

- 8.1. Upphafsaðgerðir lögreglu skulu miða að því að komast sem fyrst að því hver meintur brotamaður – sakborningurinn – er. Sakborningur er sá sem er grunaður eða sakaður um verknaðinn.

Sakborningur skal handtekinn og færður tafarlaust til yfirheyrslu. Þess skal gætt að hann hafi ekki tók á að spilla rannsókn málsins. Við yfirheyrslu skal gæta ákvæða laga um réttastöðu sakborninga, um upplýsingaskyldu lögreglu, andmælarétt og þagnarrétt sakbornings og réttar hans til aðstoðar verjanda.

Þegar að yfirheyrslu sakbornings kemur eiga eftir atvikum við öll þau fyrirmæli sem áður getur um yfirheyrslur brotaþola varðandi hið meinta brot og aðstæður, sbr. lið 7.2.3.

Þrátt fyrir að sakborningur játi broti sitt verður lögreglan að gæta þess að sú játning verði studd nauðsynlegum sönnunargögnum.

Sakborningur sem er grunaður um nauðgun skal færður til líkamsrannsóknar í leit að vísbendingum til sönnunar meintu broti eins fljótt og hægt er. Vera kann að rétt sé að framkvæma það áður en ítarleg skýrsla hefur verið tekin af honum.

Þegar um nauðgunarbrot er að ræða þarf lögreglan mjög oft að leita atbeina dómara til að fá framkvæmdar tilteknar aðgerðir í þágu rannsóknar máls, hvort heldur er frekari þvingunarráðstafanir en þær sem lögregla sjálf getur tekið ákvörðun um, eða til að óska eftir því að sakborningur verði látinn staðfesta framburð sinn fyrir dómi.

- 8.2. Fatnaður. Sé ástæða til að ætla að sakborningur gangi enn í fötunum sem hann klæddist þegar atvikið átti sér stað, skal tryggja að þau verði skoðuð rækilega og sönnunargagna leitað. Bent er á reglur, sem gilda á neyðarmóttöku um töku fatnaðar þolanda afbrotsins til skoðunar.

- 8.3. Læknisskoðun. Oft er áriðandi að sakborningur gangist undir læknisskoðun jafnframt því sem honum verði tekið blóð til rannsóknar - DNA, HIV, alkóhól, ávana- og fíkniefni. Ástæða getur verið til að leita að skránum eða rispum á líkama grunaða, kemma hár hans, þ.m.t. kynhár, klippa neglur og taka skaf undan þeim o.s.frv.

Um töku og meðferð lífsýna er vísað til reglna ríkislögreglustjórans um haldlagningu og meðferð sönnunargagna.

- 8.4. Ljósmynda skal sönnunargögn, s.s. fatnað og áverka.

- 8.5. Yfirheyrsla.

Spyrja skal sakborning um nafn, kennitölu, stöðu, vinnustað, heimilisfang og tengsl við brotaþola. Ennfremur skal, eftir að sakborningur hefur gefið skýrslu, biðja hann að veita upplýsingar vegna æviferilsskýrslu. Ástæða kann að vera til að leita eftir upplýsingum í æviferilsskýrslur hjá öðrum en sakborningi sjálfum, s.s. félagsmálayfirvöldum.

Um yfirheyrslu sakbornings vísast að öðru leyti til reglugerðar um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslur hjá lögreglu nr. 395, 1997.

9. Vitni

- 9.1. Mikilvægt er að hafa uppá þeim sem kunna að geta greint frá atriðum sem máli skipta fyrir rannsókn og taka skýrslur af eftirtöldum vitnum:
- Vitnum sem hafa verið í fylgd, eða í nálægð við kæranda/kærða, eða í nálægð við vettvang fyrir, eftir eða meðan á meintu broti stóð.
 - Vitni sem kærandi/kærði hafa trúað fyrir atvikum eftir verknað.
- 9.2. Afla skal vottorða lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks, s.s. geðlækna, sálfræðinga og félagsráðgjafa, sem kærandi hefur leitað til eftir verknaðinn.
- 9.3. Nú þarf að yfirheyra vitni í öðru lögregluumdæmi og skal þeirri rannsókn þá flýtt sem kostur er. Um rannsóknaraðgerðir utan rannsóknarumdæmis skal fara að fyrirmælum í 4. gr. reglugerðar um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála nr. 396/1997.

10. Aðrar rannsóknaraðgerðir

Eftir málsatvikum kunna eftirgreindar rannsóknaraðferðir m.a. að koma til greina:

- Spyrjast fyrir á vettvangi og í nágrenni (rundspørring)
- Upplýsingar um síma-/tölvusamskipti.
- Sviðsetning.
- Sakbending.
- Skoðun myndasafns lögreglu.
- Teikning af grunaða eftir lýsingu kæranda.
- Samsetning mynda.

11. Lok rannsóknar

- 11.1. Lok máls hjá lögreglu.
- 11.1.1. Nú þykja ekki efni til að byrja rannsókn út af kæru og vísar lögregla henni þá frá, sbr. 1. málslíð 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hafi rannsókn byrjað getur lögregla hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram eða ef í ljós kemur að kæra var ekki á rökum reist, sbr. 2. málslíð sömu greinar.
- 11.1.2. Lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi taki ákvörðun um að vísa frá kæru eða hætta rannsókn vegna kæru um nauðgun. Nú er kæru vísað frá eða rannsókn hætt og skal þá lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans tilkynna kærða og kæranda þá ákvörðun. Skal kæranda jafnframt bent á að hann geti borið ákvörðunina undir ríkissaksóknara, sbr. 2. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála.
- 11.2. Mál sent ríkissaksóknara.
- 11.2.1. Að lokinni rannsókn nauðgunarmáls sendir lögreglustjóri ríkissaksóknara rannsóknargögnin.

11.2.2. Með rannsóknargögnum fylgi greinargerð lögreglustjóra eða löglærðs fulltrúa þar sem kemur fram samandregin lýsing á atriðum sem hann telur ákæru geta beinst að, sbr. 1. mgr. 77. gr. laga um meðferð opinberra mála.